Nr 31 Nr 67. Einar Þórðarson úrsm. Strandgata 37. 687.

Ég prófastur Jens Pálsson, beneficiarius í Görðum gjöri kunnugt: að ég hefi leigt eins og ég hérmeð leigi herra trésmið Oddi Steingrími Ívarssyni í Hafnarfirði lóð undir og umhverfis íbúðarhús hans s. st. – Takmörk lóðarinnar eru: aðvestan alfaravegurinn; að sunnan lína samstefna (paralell) húsgaflinum, einni alin út frá honum; að norðan gangstígur millum hins hér umrædda húss og húss Helga Sigurðssonar; að austan bein lína, er myndar rétt horn við suðurmarkslínuna og liggur um miðja vesturbrekkuna niður af hraunklettinum næsta fyrir suðaustan húsið. Stærð lóðarinnar verður alls 30 ferhyrningsfaðmar. 106,48 m²

Lóð þessi er honum leigð undir hús og til hverra sem helzt verknaðarafnota.

Í leigu eftir hana skal hann greiða sóknarprestinum í Garðaprestakalli 10 (tíu) krónur ár hvert; gjalddagi er 31. Desbr. í fyrsta skifti 1903, og má gjöra fjárnám í húsum þeim, er á lóðinni standa, til lúkningar lóðarleigunni, sé hún ekki greidd í gjalddaga.

Lóðin er honum, ef Stiftsyfirvöldin yfir Íslandi veita samþykki sitt til þess, leigð á erfðafestu þannig, að honum skal heimilt, að veðsetja og selja af hendi þenna afnotarétt sinn ásamt ástandandi húsum og mannvirkjum með þeim rétti og skyldu, er bréf þetta tiltekur, en aldrei má sá, er lóðina hefur á hér tiltekna erfðafestuleigu ljá, selja né afhenda öðrum hluta úr henni án samþykkis sóknarprestsins í Görðum, og nýs samnings við hann.

Görðum 15. Október 1903

Jens Pálsson

Samning þenna samþykki ég og undirgengst skilmálana

Oddur S. Ívarsson

Ofanritaðan samning samþykkir hérmeð

Stiftsyfirvöld Íslands, Reykjavík 16. okt. 1903

J. Havsteen. Hallgr. Sveinsson.

Láðarleiga 31. desbr. 1903 borgut af Oddi St. Ívarssyni í viðskiftareikningi

— — — 1904 — — — —

— — — 1905 — — bókhaldara Ó. Böðvarssyni 30. desbr. 1905 í pen.

— — — 1906 — p.R.f — — — 31 — 1906 í pen

— — — 1907 — — — — — 11. febr. 1908 í pen

— — — 1908 — af Gutmundi Böðvarssyni 1/3. 1910 [illegible] Guðm. [illegible]

— — — 1909 — — —

— " — 1910 borgað af Guðm. Böðvarssyni

— " — 1911 " "

" — " 1912 borgað Jakob Möller.

30 ferfaðm. ~ 1,89² · 30 = ca 108 m²